

Ársskýrsla Fókus, faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu starfsárið 2020/2021

Á starfsárinu ákvað Fókus-hópurinn að beina sjónum að nýsköpun í heilbrigðisþjónustu. Víða er kallað eftir hugmyndum og stuðningur er í boði formi ýmissa styrkja og nýsköpunarhraðla á hugmynda- og þróunarstigi. Við veltum fyrir okkur hvað þarf til að koma þessum hugmyndum í almennan rekstur og hverjar hindranirnar eru.

Hópurinn stóð fyrir tveimur hádegisfundum sem fóru fram yfir netið. Sá fyrri var í október og var yfirskrift fundarins **'Nýsköpunarkapphlaupið - Hvernig verður nýsköpunarhugmynd að veruleika?'**. Sá síðari, í febrúar 2021, var af sama meiði en lagði fram spurninguna og yfirskriftina **'Nýsköpunarlanghlaupið - komumst við í mark?'**.

Október 2020: Nýsköpunarkapphlaupið - Hvernig verður nýsköpunarhugmynd að veruleika?

Á október-fundinum litum við til stafræna heilbrigðismótsins 2020 sem haldið var af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Mótið var stefnumót heilbrigðisþjónustu og frumkvöðla. Samhliða mótinu var boðið upp á fjárfestingaráttak í nýsköpun í heilbrigðisþjónustu þar sem 12 verkefni hlutu 15 milljón króna styrk hvert. Fyrirlesarar voru Íris Huld Christersdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem flutti erindi um fjárfestingu í nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og Guðrún Birna Finnsdóttir, sérfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem flutti erindi um nýsköpun og samkeppni og tækifæri og áskoranir innan reglna um opinber innkaup.

Einnig fengum við tvær örkyningar á verkefnum sem hlutu styrki í þessu fjárfestingaráttaki, annars vegar frá Daníel Óskarssyni, CTO hjá ArcanaBio, og sagði hann okkur frá DNA hraðgreiningum og fjöldagreiningum fyrir SARS-CoV-2 sem er samstarfsverkefni ArcanaBio og Landspítalans. Síðari kynninguna flutti Margrét Guðjónsdóttir á aðgerðasviði Landspítala sem sagði frá samstarfsverkefni Landspítala og Heilsugreindar um hugbúnað til að halda utan um rekjanlegt og tímasett ferli sjúklinga sem greinast með brjóstakrabbamein.

Að lokum fjallaði Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sjúkrahússins á Akureyri um NHS hraðalinn og hvað við getum lært af honum á Íslandi.

Febrúar 2021: Nýsköpunarlanghlaupið - komumst við í mark?

Hin árlega heilbrigðisráðstefna varð að hádegisfundi vegna Covid-19. Á fundinum drögum við fram hvað ýtir hugmyndum úr vör og hvernig vörur geta þróast.

Ingi Steinar Ingason, verkefnastjóri rafrænna heilbrigðislausna hjá Embætti Landlæknis flutti erindi um upplýsingatækniverkefni á tímum Covid og hvert framhald þeirra verður. Ljóst er að mikið hefur áunnist á stuttum tíma og að í Covid-umhverfi voru allir tilbúnir að leggja sitt á vogaskálarnar.

Næsta erindi var frá Lýði Skúla Erlendssyni, sérfræðingi hjá Tækniþróunarsjóði Rannís, og fór hann yfir helstu styrkflokka Tækniþróunarsjóðs, frá hugmynd að sölu og markaðssetningu lausna. Lýður fjallaði einnig um matsferlið og fagráðin sem meta umsóknirnar, tímalengd verkefna og kröfur um efnahagslegan ávinning, ný störf og aukna verðmætasköpun. Sjóðurinn gerir jafnframt ráð fyrir að 1-2 verkefni af hverjum 10 nái verulegum framgangi og að það geti 5-10 ár þar til afurð fari á markað og skapi ávinning. Tækniþróunarsjóður styrkir verkefni í langflestum atvinnugreinum og eru 6% styrktra verkefna í heilbrigðis- og velferðarþjónustu og 13% í heilbrigðistækni og lækningatækjum. Ekki er langt síðan að sjóðnum bárust um 100 umsóknir á ári en nú eru þær um 900 á ári.

Síðasti fyrirlesarinn var Adeline Tracz, verkefnastjóri hjá heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala og fjallaði hún um verkefni Landspítalans og Advania sem fékk styrk í fjárfestingaráttakinu fyrir forritun á smáforriti fyrir innlagða sjúklinga með skjólstæðinginn í öndvegi. Verkefnið snýst um að gera sjúklingum Landspítalans kleift að nálgast upplýsingar um innlögn þeirra og komu á spítalann í gegnum app. Tilgangurinn er meðal annars sá að sjúklingurinn hafi upplýsingar um stöðu sína og viti hvað fram undan er á meðan dvöl hans á spítalanum stendur. Eins og kveðið var á um í fjárfestingaráttakinu hófst þetta verkefni á haustmánuðum 2020 og því lýkur á vormánuðum 2021. Smáforritið er í notendaprófunum á Landspítalanum og vonir standa til að verkefninu verði haldið áfram.

Áberandi var á starfsárinu að COVID-19 leysti úr læðingi nýsköpun og þróun í rafrænum lausnum sem við munum eflaust sjá vaxa og dafna á komandi árum. Fókus kann fyrirlesurum bestu þakkir fyrir fróðleg erindi og vinsemd í garð faghópsins. Kynjahlutföll voru jöfn, bæði meðal fyrirlesara og stjórnarmanna.

Í stjórn Fókus veturinn 2020/2021 sátu:

Daníel Karl Ásgeirsson, Landspítalinn - formaður

Ingunn Ingimarsdóttir, Memaxi

Lilja Guðrún Jóhannsdóttir, sjálfstætt

Sigurður E. Sigurðsson, Sjúkrahúsið á Akureyri

Vin Þorsteinsdóttir, Landspítalinn